Markaðspunktar í dag:

- Verðlag hækkaði um 1,6% í febrúar

Verðlag hækkaði um 1,6% í febrúar


Umtalsverð gengisáhrif lituðu verðbólgutölurnar fyrir febrúarmánuð en vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 1,64% í febrúar frá því í janúar. Við höfðum spáð 1% hækkun og spár helstu greiningaraðila lágu á bilinu +1,0% til +1,2%. Frávik frá spá okkar má einna helst rekja til þess að við höfðum gert ráð fyrir mun hóflegri áhrifum vegna útsöluloka. Þá voru gengisáhrifin eins og áður kom fram umtalsverð en við höfðum búist við að gengislekinn myndi dreifast jafnar á næstu 12 mánuði. Ársverðbólgan hækkar úr 4,2% í 4,8% eftir mælinguna. Í mars ganga útsölur að öllu leyti tilbaka og má því búast við 0,9% verðbólgu á milli mánaða m.v. bráðabirgðaspá okkar. Þrátt fyrir styrkingu krónunnar síðustu daga má enn búast við gengisáhrifum til hækkunar verðlags eftir mikla veikingu síðustu sex mánuðina þar á undan.

Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði felur í sér að VNV hækkar um 0,9% í mars, 0,4% í apríl og 0,2% í maí. Ef sú spá raungerist mun ársverðbólga mælast 4,5% í maí nk.

Engin áhrif á vaxtaákvörðun 20. mars nk.

Líkt og seðlabankastjóri lagði áherslu á í inngangsorði sínu á fundi efnahags- og viðskiptanefndar síðastliðinn mánudag hélt peningastefnunefnd nafnvöxtum óbreyttum í desember og febrúar, og hann telur að horfur um seðlabankavexti séu í stórum dráttum óbreyttar. Við síðustu vaxtaákvörðun gaf nefndin í skyn að nafnvöxtum bankans yrði haldið óbreyttum a.m.k. í bili þar sem áhyggjur hennar beinast í auknum mæli að slakanum í hagkerfinu. Þetta er að vísu háð óbreyttu gengi krónunnar, að launabreytingar séu samrýmanlegar framleiðniaukningu og að ríkisfjármálin verði ekki keyrð fram úr hófi.

Virkir raunvextir Seðlabankans eru nú um 0,5% og gerum við ráð fyrir að versnandi hagvaxtarhorfur skv. nýjustu spám Seðlabankans vegi áfram þungt í ákvörðun peningastefnunefndar 20. mars nk. M.ö.o. teljum við að öðru óbreyttu (m.a. að krónan haldi áfram í styrkingarfasa) að nefndin haldi nafnvöxtum bankans óbreyttum þrátt fyrir að ársverðbólgan á fyrsta ársfjórðungi 2013 verði að öllum líkindum vel yfir 4,0% spá í síðustu Peningamálum. T.a.m. þyrfti verðbólgan að vera -0,73% í mars til að spá Seðlabankans gangi eftir.



Stiklað á stóru um febrúarmælinguna:

- **Gengisáhrif mikil**. Okkur reiknast til að gengisáhrif í mælingunni hafi numið 0,73%. Nýjar bifreiðar hækkuðu um 2,1% í verði (vísitöluáhrif:+0,12%) milli mánaða og matvara um 0,9%. Skýringin á þessum hækkunum er veiking krónunnar frá því í ágúst sl. *Heildaráhrif: +0,73*

- **Útsöluáhrif koma hraðar til baka**. Talsverð hækkun mældist á fatnaði og skóm sem skýrist af því að útsöluáhrif eru að ganga til baka. Hins vegar er hækkunin meiri en við höfðum gert ráð fyrir og e.t.v. vísbending þess efnis að verðhækkanir verði umfram þau áhrif sem rekja má til útsöluloka. Þá hækkuðu jafnframt húsgögn og heimilisbúnaður af sömu ástæðu. *Heildaráhrif: +0,7%.*

- **Eldsneytisverð hækkar**. Undirliðurinn bensín og olíur hækkaði áfram, líkt og við höfðum spáð. *Heildaráhrif: +0,31%.*


- **Flugið hækkar**. Á síðustu sex mánuðum hafa flugfargjöld skipst á að hafa hækkandi eða lækkandi áhrif á VNV milli mánaða, þannig hefur hækkun einn mánuð oft og tíðum verið ávísun á lækkun þann næsta. Breyting varð á því núna þar sem flugliðurinn hækkar tvo mánuði í röð. *Heildaráhrif: +0,09%.*

- **Verðmæti húsnæðis eykst**. Snúið er að sjá breytingar í þessum undirlið fyrir þar sem færri eignir standa að baki verðvísitöluútreikningi Hagstofunnar fyrir verðmæti fasteigna á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Vísitala markaðsverðs íbúðarhúsnæðis utan höfuðborgarsvæðisins hækkaði um 0,9% í febrúar en vísitala fyrir landið allt um 0,4% sem þýðir að höfuðborgarsvæðið togaði mælinguna niður. Í janúar hafði liðurinn 0,03% áhrif til lækkunar á VNV en þá lækkuðu báðar áðurnefndar vísitölur. *Heildaráhrif: +0,03%.*

Bráðabirgðaspá fyrir næstu mánuði

Þrátt fyrir að krónan hafi styrkst um rúmlega 3% á síðustu sjö dögum, og heldur áfram að styrkjast þegar þetta er skrifað, teljum við áfram að veikingin sem átti sér stað frá ágúst fram til febrúar muni smitast út í verðlagið á næstu mánuðum eða eigi að minnsta kosti eftir að yfirgnæfa styrkinguna á síðustu dögum. Við spáum 0,9% verðbólgu í mars þar sem áhrif útsöluloka eiga enn eftir að koma að fullu fram. Ef bráðabirgðaspá okkar raungerist verður ársverðbólga orðin 4,5% í maí nk.

Þróun gengisvísitölu krónunnar síðastliðna 12 mánuði




Bráðabirgðaspá okkar miðað við óbreytt eldsneytisverð og óbreytt gengi krónunnar frá og með deginum í dag.

Mars +0,9%. Útsölur ganga að öllu leyti til baka og frekari gengisáhrif.

Apríl +0,4%. Árstíðarbundnar hækkanir og lítilsháttar gengisáhrif.

Maí +0,2%. Árstíðarbundnar hækkanir.

Breyting á vísitölu neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands og Greiningardeild

Staðsetning markaðarins á síðustu metrunum

Verðbólguálag til fimm og tíu ára hélt áfram að lækka fram undir lokun markaða í gær. Fimm ára álagið lækkaði um 18 pkt. frá deginum áður og tíu ára álagið lækkaði um 5 pkt. Ljóst er að styrking krónunnar síðustu daga erfarin að lita væntingar um verðbólgu og álagið, t.a.m. hefur fimm ára álagið lækkað um 31 pkt. og það tíu ára um 21 pkt. frá 18. febrúar sl. Þrátt fyrir háar verðbólgutölur í morgun þá reiknum við með að álagið lækki áfram á næstu vikum gefið að gengisvísitalan haldi áfram að lækka.[1]

Verðbólguálag og hlaupandi 30 daga breyting gengisvísitölu krónunnar



Heimild: Nasdaq OMX Iceland og Seðlabanki Íslands

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Ásdís Kristjánsdóttir	asdis.kristjansdottir@arionbanki.is	444-6968
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hafsteinn Hauksson	hafsteinn.hauksson@arionbanki.is	444-6993
Stefán Broddi Guðjónsson	stefan.gudjonsson@arionbanki.is	444-6959

Ábyrgðarmaður: Ásdís Kristjánsdóttir

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar Markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt og ekki skal líta á efnið sem ráðgjöf um kaup, sölu eða aðra ráðstöfun fjármálagerninga sem umfjöllunin kann að varða, beint eða óbeint. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum Markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt. Einnig skal bent á að árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is

[1] Varúðarreglan á við þegar verðbólguálagið er túlkað þar sem það byggir á fastímaskuldabréfavísitölum Nasdaq OMX Iceland og í þeim vega íbúðabréf Íbúðalánasjóðs þungt en ávöxtunarkrafa þeirra litast ekki eingöngu af verðbólguvæntingum heldur jafnframt líkum um framtíðarrekstrarhæfði og greiðsluflæði sjóðsins sem yfirfærist í sjálfstætt áhættuálag („íbúðalánasjóðsálag") ofan á vexti af ríkisbréfum.